

ORF Líftækni hf.
Víkurbíll 3
203 Kópavogur

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
- 7. sep. 2010 11. 25. 3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. september 2010
Tilvísun: UST20100100161/áb


Varðandi eftirlit á tilraunareit ORF Líftækni í Gunnarsholti

Umhverfisstofnun fór í eftirlitsferð á ræktun erfðabreytts byggs á tilraunareit í Gunnarsholti þann 11. ágúst sl. Umhverfisstofnun sendir hér með undirritaða lokaútgáfu eftirlitsskýrslu, þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda sem bárust þann 27 ágúst sl.

Umhverfisstofnun hefur móttækið svar frá fyrirtækinu um úrbætur í kjölfar eftirlitsferðarinnar og gerir engar frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst


Ásgeir Björnsson
sérfræðingur


Bjarni Pálsson
deildarstjóri



UMHVERFISSTOFNUN

ORF Líftækni hf.

Eftirlitsskýrsla vegna tilraunareits í Gunnarsholti
ágúst 2010

Ásgeir Björnsson

11. ágúst 2010

Tilraunareitur erfðabreytts byggs í Gunnarsholti

Fyrirtæki	ORF Líftækni hf	Starfsemi	Erfðabreyttar lífverur
Kennitala	420201-3540	Ísat nr.	
Heimilisfang	Víkurbvarf 3, 203 Kópavogur	Umfang	Ræktun á erfðabreyttu byggi
Dagsetning	11. ágúst 2010	Tegund eftirlits	Reglubundið
Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson	Starfsleyfi rennur út	2013
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Guðmundsson		

Viðstaddir

Ásgeir Björnsson frá Umhverfisstofnun, Jón Guðmundsson starfsmaður ORF líftækni og Reynir Þorsteinsson frá Landgræðslu ríkisins, tengiliður ORF Líftækni við verkefnið í Gunnarsholti

Ræktunarsvæðið

Þann 11. ágúst 2010 fór eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar í eftirlitsferð á ræktunareit ORF Líftækni hf. á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti. Til aðstoðar var Jón Guðmundsson starfsmaður ORF Líftækni hf. og Reynir Þorsteinsson, starfsmaður Landgræðslu ríkisins, tengiliður ORF Líftækni hf. vegna ræktunar í Gunnarsholti. Skoðað var hvort ræktunarsvæðið væri í samræmi við útgefið starfsleyfi. Þeir þættir sem skoðaðir voru var hvort ræktunarsvæðið væri afmarkað með rafgirðingu og hvort varðbeldi með höfrum væri til staðar. Einnig voru fuglavarnir skoðaðar og stærð ræktunarsvæðis athuguð.

Heildarræktunarsvæðið er afgirt með fimm strengja rafgirðingu með virkum rafstraum, og með viðvörunarmerkingu frá Landgræðslu ríkisins. Yst er 4-6 m breytt hafrabelti. Þar fyrir innan hefur byggi verið sáð. Eingöngu 0,2 hektara hluti þeirrar byggættar er erfðabreytt bygg. Erfðabreytta byggið er varið með fuglavarnarlínunum (Mynd 1).



Mynd 1. Byggakur ORF Líftækni hf. í Gunnarsholti. Fuglavarnarlínur eru strengdar yfir erfðabreytt bygg. Einnig má sjá nálæga, gróðursnauda rás í akurhluta með byggi sem er ekki erfðabreytt.

Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Þegar komið var að sáningu í vor óskaði ORF Líftækni hf. eftir breyttri tilhögun ræktunar í Gunnarsholti við Umhverfisstofnun, í ljósi þess að ræktun á fyrri reit á síðasta ári varð fyrir skemmdarverki. Umhverfisstofnun bað um nánari upplýsingar og fékk þær.



Ræktun hófst þann 28. maí sl. Verklagsreglur um hvernig staðið væri að fuglavörnum voru lagðar fram í lok ræktunar síðasta árs, sem Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir við. Í samræmi við þær reglur, voru fuglavarnarlínur strengdar yfir erfðabreytt bygg þegar það fór að skriða, þann 5. ágúst. sl., en skriðið er komið vel á veg þegar þetta eftirlit átti sér stað þann 11. ágúst sl. (Mynd 2).



Mynd 2. Þroskastig erfðabreytta byggsins þann 11. ágúst.

Í kjölfar núverandi eftirlitsferðar var fyrstu athugasemdum komið á framfæri í bréfi (sjá neðar). Við því var brugðist innan tilskilins tímafrests, þann 15. ágúst sl.

Í framhaldi af fyrsta ári tilraunarinnar var endurskoðuð áætlun um notkun fuglavarna send til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemd við þá áætlun.

Í ár verða gerðar frekari áætlanir, um flutning, fræverkun og eyðingu hliðarafurða eins og fram kemur í leyfiskilyrðum, en seinkun hefur orðið á því vegna þess að byggakurinn var eyðilagður með skemmdarverkum á fyrsta ári leyfisins. Umhverfisstofnun fór fram á að fá slíkar verklagsreglur fyrir uppskeru. Skriflegar verklagsreglur um ræktun, flutning, fræverkun og eyðingu hliðarafurða bárust Umhverfisstofnun 3. september, og eru samþykktar af Umhverfisstofnun.

Athugasemdir

ORF Líftækni hafði samband við Umhverfisstofnun þegar komið var að sáningu og hóf umræður um breytta tilhögun á ræktun erfðabreytts byggs í Gunnarsholti, en Umhverfisstofnun telur það of skamman fyrirvara fyrir slíkar umræður. Í núverandi eftirlitsferð vakti fyrst athygli að hestar voru á beit í nálægu beitarhólfi. Það hólfi er afmarkað með gaddavírsgirðingu, en vegslóði liggur á milli þeirrar girðingar og 5 strengja rafmagnsgirðingar sem umlykur byggakurinn. Rafmagnsgirðingin var með virkum straum. Þegar komið var að þeim hluta byggakursins sem var með erfðabreyttu byggi kom í ljós gróðursnaud rás í akrinum þar sem mistókst að sá korni (stíflun í sáningarvél) (Mynd 1). Hugsanlega gætu stærri fuglar eins og gæsir séð sér færi að lenda í þessari rás og komast þaðan á beit í erfðabreytta byggið. Bil á milli varnalína reyndist 1- 1,5m eftir skammhlið akursins, en 20m eftir langhlið hans. Akur með óerfðabreyttu byggi umlykur reitinn með erfðabreyttu byggi (Mynd 1). Þar sem hugsanlegt er að víxlfriðvögun hafi átt sér stað við bygg í skjólreit telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að þessi hluti akursins verði strax plægður niður í akurjörðina í kjölfar uppskeru. Það mætti plægja niður erfðabreytta hluta akursins samtímis.



Niðurstaða

Í kjölfar eftirlitsferðarinnar lagði Umhverfisstofnun til eftirfarandi úrbætur:

- 1) Umhverfisstofnun hefur farið yfir þær fuglavarnarlínur sem settar voru upp eftir 5 ágúst sl. og telur ástæðu til að gera kröfu um að þær verði tvöfaldaðar yfir akrinum með erfðabreyttu byggi þannig að tvöfalt minna bil verði á milli lína.
- 2) Einnig er auð rönd í skjólakri þar sem mistókst að sá (stífla í sáningarvél), og er því hugsanlegt að stærri fuglar eins og gæsir gætu lent þar og farið í akurinn. Umhverfisstofnun fer fram á að þar verði strengdar fuglavarnarlínur með sama þéttleika og yfir akurinn með erfðabreyttu byggi.
- 3) Ennfremur eru hestar á beit í nálægu beitahólfi og fer Umhverfisstofnun fram á að þeim verði beitt fjær hinu erfðabreytta byggi.
- 4) Umhverfisstofnun fer einnig fram á að strax í kjölfar uppskeru verði allur skjólakur sleginn og plægður niður í jörð.
- 5) Að síðustu fer Umhverfisstofnun fram á að vera látin vita með nokkurra daga fyrirvara hvenær á að uppskera kornið, svo stofnunin geti skoðað ástand akursins fyrir uppskeru.

Óskað var eftir að úrbætur 1-5 væru framkvæmdar eða settar í verklag hið fyrsta, og eigi síðar en 15. ágúst nk. ORF Líftækni hefur brugðist við öllum ofangreindum tillögum um úrbætur innan tilskilins tímafrests. Eingöngu, varðandi lokun hestahólsins kom ORF Líftækni hf. með eftirfarandi móttillögu: „*Landgræðslan hefur nú yfirfarið nálægar girðingar við reitinn í Gunnarsholti og er með virkt eftirlit með þeim. Landgræðslan hefur ennfremur eftirlit með rafgirðingunni utan um reitinn sjálfan. Starfsmenn LG benda á að skepnur myndu sækja í nærliggjandi tún en ekki í byggið. Skepnur sækja ekki í byggið vegna titanna sem eru á öxunum sem særa munnhol skepnanna og meltast illa. ORF hefur í samráði við Landgræðsluna og Öryggisvörsluaðila komið á sólarhringsvöktun við reitinn sem gerir kleift að fylgjast með og bregðast við ferðum manna og dýra í grennd við reitinn. Þetta tryggir að mati okkar fullnægjandi tálmanir gagnvart skepnum.*„ Umhverfisstofnun fellst á þessa tilhögun.

Skriflegar verklagsreglur um ræktun, flutning, fræverkun og eyðingu hliðarafurða bárust Umhverfisstofnun 3. september, og eru samþykktar af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun fer fram á að tillögum um hugsanlegar breytingar á ræktun hvers árs sé komið á framfæri við stofnunina minnst tveimur mánuðum fyrir sáningu.

Reykjavík, 6. september 2009


 Ásgeir Björnsson


 Bjarni Pálsson